

Zeitschrift: Beiträge zur nordischen Philologie
Herausgeber: Schweizerische Gesellschaft für Skandinavische Studien
Band: 59 (2017)

Artikel: Ævintýrasaga
Autor: Óskarsdóttir, Svanhildur
DOI: <https://doi.org/10.5169/seals-858099>

Nutzungsbedingungen

Die ETH-Bibliothek ist die Anbieterin der digitalisierten Zeitschriften. Sie besitzt keine Urheberrechte an den Zeitschriften und ist nicht verantwortlich für deren Inhalte. Die Rechte liegen in der Regel bei den Herausgebern beziehungsweise den externen Rechteinhabern. [Siehe Rechtliche Hinweise.](#)

Conditions d'utilisation

L'ETH Library est le fournisseur des revues numérisées. Elle ne détient aucun droit d'auteur sur les revues et n'est pas responsable de leur contenu. En règle générale, les droits sont détenus par les éditeurs ou les détenteurs de droits externes. [Voir Informations légales.](#)

Terms of use

The ETH Library is the provider of the digitised journals. It does not own any copyrights to the journals and is not responsible for their content. The rights usually lie with the publishers or the external rights holders. [See Legal notice.](#)

Download PDF: 14.03.2025

ETH-Bibliothek Zürich, E-Periodica, <https://www.e-periodica.ch>

Ævintýrasaga

SVANHILDUR ÓSKARSDÓTTIR (REYKJAVÍK)

Ég lærði að lesa sumarið 1969, sama sumar og skiptineminn Jürg Glauser steig fæti á íslenska grund í fyrsta sinn, að mér er sagt. Hann var kominn til þess að setjast á skólabeck í Menntaskólanum í Reykjavík. Ég var á hinn bóginn ekki enn komin á skólaaldur en áhugi minn á bókum hafði vaknað. Vinur minn jafnaldr, sem bjó í sama húsi, var farinn að stauta og ég vildi ekki vera eftirbátur hans. Ég bað mömmu að kenna mér að lesa og það tókst henni á skömmum tíma með hinni alkunnu band-prjónsaðferð. Þegar kerfi bókstafanna hafði þannig lokist upp fyrir mér opnaðist óheftur aðgangur að undraheimi bókanna, en fram að þessu hafði ég vitaskuld verið upp á það komin að aðrir nenntu að lesa fyrir mig. Slíkt felur alltaf í sér málamiðlanir – þ að þarf að samræma bókmenntasmekk lesara og hlustanda – en með lestrar-kunnáttunni kom frelsi til að þjóna alfarið eigin lund. Og að lesa sömu bækurnar aftur og aftur ef svo bar undir án þess að nokkur fetti fingur út í það. Í heimilis-bókasafninu stöðvaðist radarinn ósjaldan við annað bindi *Þjóðsagna Jóns Árnasonar*, en það geymdi ævintýri. Ekki voru það síst stjúpúsögurnar sem heilluðu mig, eins og ótal kynslóðir formæðra minna og forfeðra. Sagan af Fertram og Ísól björtu var í sérstöku uppáhaldi – “Gekk ég upp á gullskærum móður minnar” og allt það.

Á litla bæjarbókasafninu sogaðist ég á sama hátt ævinlega að einni og sömu bók: *Ævintýrum Æskunnar* sem komið hafði út tveimur árum fyrr. Ævintýrin voru frá ýmsum löndum Evrópu, sum alþekkt, til að mynda Mjallhvít, Öskubuska og Stíg-véla-kötturinn, en önnur óvenjulegri eins og írsku sagan af Svarta þjófinum. Þetta voru íslenskar þýðingar Rúnu Gísladóttur á endursögnum Oxford-mannsins Rogers Lancelyn Green; bókfræðiupplýsingar í íslensku útgáfunni eru af skornum skammti en líklega var hér á ferð úrval úr bók hans *Once long ago: Folk and fairy tales of the world*, sem fyrst kom út árið 1962 (einnig gefin út með titlinum *Once upon a time*). Lancelyn Green var vinsæll barnabókahöfundur og þekktastur fyrir endursagnir sínar á gömlum sögum og sögnum. Ein fyrsta bók hans fjallaði um Artúr konung og riddara hringborðsins en síðar átti hann meðal annars eftir að endursegja grískar goðsagnir og egypskar, að ógleymdum sögum úr norrænni goðafræði sem nutu óhemju vinsælda: *Myths of the Norsemen* kom fyrst út árið 1960 og hefur verið endurprentuð hvað eftir annað. Það má því leiða líkur að því, að á meðan ég sökkti mér ofan í *Ævintýri Æskunnar* á Bókasafni Seltjarnarness hafi ég átt jafnaldr í hinum enskumælandi heimi sem voru bergnumdir af *Snorra-Eddu* í búningi Lancelyn Green.

Kóngsdóttirin á Glerfjallinu

E'ina sinni var fjall, sem var úr gleri. Á tindi þess var holl, sem var úr skíra gulli. Og tyrti traman hollina ox eplandi, sem hor gullepli.

Fegursta kóngsdóttir í hermi bjó í hollinu, og þar varð hún að hafast við þar til kerri maður, sem tekið að komast upp spegilsdætar og sleipar lifbar glerfjalsins. Sí, sem með gullepli á trénu og lærði það kóngsdótturinni í sultuherberginu.

Leysti hana úr álgunum, sem héldu henni á fjallinu. Kóngsvir flýkkust að úr öllum áttum til þess að bjarga kóngsdótturinni á glerfjallinu, ennig riddarar og margir ævintýramenn, en engum tókst að komast upp glerfjallið. Sumir hófðu strax mör og fótarinu sig eða handleggstrunu, aðrir komast lengra og létust þá í fallinu og lágu eins og bráðið innan um fallna lesta við fjallssturtarnar.

Þannig gekk, þar til nærri vort líbit árin sjo, sem ákveðin höfðu verið sem frestur til þess að vinna kóngsdótturina. Engum hafði rektur að klifa fjallið, þáveit þótt þeim fjölgað stöðugt, sem það reyndu. Kóngsdóttirin var svo fögur, að enginn gat látið hjá líða að freista þess að vinna hana, og margir hugsaðu um allan fjarskafinn, sem var gevindur í hallarkjallaranum á glerfjallinu.

Þrenur dögum áður en árin sjo varu á enda runni, kom riddari í gullkleðnum til glerfjalsins. Keyrði best sum sporinni og reið á fullri ferð hálfa ferð upp.

Þar nam hann staðar, snéri hestinum rólega og reið niður aftur jafnaðveldiga sem væri hann á sléttum vegi.

Morguninn eftir þeysti hann upp fjallið áttur, og tuftráskellurnar héldu bæði honum og hestinum last við fjallið eins og daginn áður. Lengra hélt hann, stöðugt upp á við, og neistar flugu undan loft um hessins. Allir riddarnir, sem voru við fjallsretturnar, höfðu á með undrun og aðdáan í svipinu.

Nú var hann rétt að komast að eplatrénu. Og einmitt þá kom orminn, sem var vöður á glerfjallinu, þjóandi í loftinu beint fyrir framan hann. Hesturinn hveggjaði, rykkti til höllinu og missti jafnvægið, og bæði hesturinn og riddarinn runnu niður fjallið á fullri ferð og lágu andarraki stöð meðáhr við rettur fjallsins.

Nú var aðeins einn dagur eftir, þar til vonlaust var að reyna frekar að vinna kóngsdótturina. Og einn var enginn, sem gat ríðið upp glerfjallið. Þó var einn, sem langaði til þess að reyna sig. Það var fátækur skógarbógsmaður. Hann hafði búið í skóginum við fjallið alla ævi.

Frá barnesku heyrði hann möður sína og föður segja frá kóngsdótturinni fögru á glerfjallinu, og hann hafði ákveðið að fórna öllu til þess að eignast hana.

Hann fór inn í skóginum og veiddi þur gaupur, skar af henni beittar klermar og festi þær á hendur sínar og lærur.

Síðan fór hann að klifa upp glerfjallið af miklu hugrekki og hélt sér föstum með klómum. En þetta var erfiðara en hann hélt, og þegar hann var kominn hálfa ferð, var hann orðinn svo þreyttur, að hann komst ekki lengra. Hann var svo málfráinn, að honum tókst rétt að halda sér föstum. Hann lifu hollinu og sí þá gullhollina og eplatréð í óra fjar-



Opna (bls. 108-109) úr Ævintýrum Æskunnar: "Kóngsdóttirin á Glerfjallinu" með mynd eftir Vojtěch Kubašta (Ljósm. Jóhanna Ólafsdóttir)

Mér þótti gaman að kynnast ævintýrum sem voru frábrugðin þeim íslensku en annað réði þó ef til vill meiru um dálæti mitt á ævintýrasafni Lancelyn Green: Í *Þjóðsögum Jóns Árnasonar* voru engar myndir en í *Ævintýrum Æskunnar* voru dásamlegar myndir á hverri einustu opnu sem juku heldur en ekki aðdráttarafl bókarinnar. Listamaðurinn hét Vojtěch Kubašta og var fæddur í Vínarborg árið 1914, þaðan sem móðir hans var, en ólst upp í Prag. Hæfileikar hans komu snemma í ljós – sem barn var hann síteiknandi og varð einstaklega flinkur og hraðvirkur teiknari. Hann menntaðist sem arkitekt en starfaði lengst af sem grafískur hönnuður og myndskreytir. Kubašta er nú á dögum þekktastur fyrir hreyfimyndabækur sínar. Hann var frumkvöðull í hönnun slíkra barnabóka þar sem heilu leikmyndirnar spretta upp í þrívídd þegar bókunum er flett og hægt er að hreyfa hluta myndanna með því að toga í flípa, snúa pappahjóli og svo framvegis. Hæfni og útsjónarsemi Kubašta við hönnun bókana byggðist áreiðanlega sumpart á reynslu hans af því að gera leikmyndir fyrir brúðuleikhús. Tékknesk brúðuleikhúshefð stóð með blóma um miðja 20. öld og sýningarnar byggðust oftast en ekki á ævintýrum. Kubašta sótti fyrirmyndir leikmyndanna meðal annars í þorp og landslag í sveitum Tékkóslóvakíu, ekki síst í Suður-Bæheimi þangað sem hann átti ættir að rekja, en áhrifin komu víðar að. Hann átti gjöfult samstarf við listfræðinginn Otakar Štorch-Marien fyrir bókaforlagið Aventinum í Prag og traust þekking á lista- og menningarsögu kom honum iðulega að notum við myndlýsingar bóka. Kubašta kom sér með tímanum upp bóka- og skjalasafni með alls kyns blöðum, úrklippum og bókum þangað sem hann gat sótt sér innblástur.

Myndirnar í *Ævintýrum Æskunnar* bera þessum fjölbreyttu áhrifum vitni því þær eru alls ekki allar með sama yfirbragði. Við kímnisögurnar gerir Kubašta oft myndir af sveitalubbum eða rjóðum heimasætum í grófgerðu umhverfi. Með öðrum sögum þarf að sýna hallir og kastala og þá hefur listamaðurinn getað sótt í reynslu sína af því að teikna glæsibyggingar í Prag. Slíkar myndir gerði hann á yngri árum og seldi ferðamönnum og síðar myndskreytti hann bækur um sögu borgarinnar. Hann var ákafur Mozart-aðdáandi og gaf árið 1956 út möppu með tólf myndum af stöðum í Prag sem tengdust veru tónskáldsins þar. Hirðlíf 18. aldar svífur enda sums staðar yfir vötnum í *Ævintýrum Æskunnar* – þar má sjá íburðarmiklar veislur þar sem gestirnir skarta umfangsmiklum silkikjólum og finustu parrukum. En Kubašta var ekki bundinn við Mið-Evrópu, þjóðlegum tilbrigðum annars staðar frá bregður líka fyrir í myndunum: þannig eru stúlkurnar í norska ævintýrinu um höllina Soría Moría klæddar í *bunad* og í spænsku sögunni Lífsvatnið sést aftan á *bolero*-jakka.

Það rann ekki upp fyrir mér fyrr en áratugum síðar, að í *Ævintýrum Æskunnar* hef ég líklega í fyrsta sinn séð bjarma fyrir hinni glæstu hefð evrópskra miðalda-handrita – hefð sem Jürg Glauser hefur kynnt fyrir mörgum okkar með því að fylgja okkur í bókasafnið ómetanlega í Sankt Gallen. Í sumum mynda sinna velur Kubašta nefnilega að setja söguhetjurnar niður í umhverfi og stíl sem sprottin eru úr myndheimi miðalda. Dæmi um þetta eru myndirnar sem fylgja pólska ævintýrinu um kóngsdótturina á Glerfjallinu. Riddararnir sem reyna að komast upp á fjallið eru í brynjum með fjaðraskúfa, þeir bera skildi og gunnfána og reiðtygin eru skrautleg.

Uppi á fjallinu er kastali kóngsdóttur þar sem hún sést í turnherbergi sínu en fyrir utan er virkisveggur með öðrum turni, minni. Það er ekki eiginleg fjarvið í myndinni frekar en í lýsingum miðaldahandrita og hestarnir og riddararnir sjást allir frá hlið. Margt í þessu minnir á rómaðar myndir í Codex Manesse, kvæðasafninu stórkostlega sem nú er í bókasafni háskólans í Heidelberg (Cod. Pal. germ. 848) og mér finnst trúlegt að Kubašta hafi átt bók með myndunum í safni sínu. (Nú á dögum er hægt að sjá allt handritið á vef bókasafnsins.) Það er einkum myndin á blaði 43v sem ég hef í huga. Hún sýnir engan annan en landa afmælisbarnsins, Werner von Homberg skáld og greifa frá Rapperswil, sækja að kastala með flokki riddara. Yfir virkisvegginn má sjá fagrar frúr í turngluggum. Codex Manesse sá ég fyrst þegar ég var eins konar skiptinemi á sumarnámskeiði í Heidelberg. Ég hafði aldrei séð svona handrit – eins og allir vita eru íslensk handrit heldur fátæk að myndlýsingum – og myndirnar vöktu með mér tæra gleði, þá sömu og fyllti barnshugann forðum þegar myndir Kubašta stöfuðu ljóma sínum af síðum *Ævintýra Æskunnar*.

Heimildir

- Aðalheiður Guðmundsdóttir. 1995. “Stjúpur í vondu skapi”, *Tímarit Máls og menningar*, 56: 25-36.
- Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* II. 1954. Safnað hefur Jón Árnason. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna (Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga).
- [Lancelyn Green, Roger.] 1967. *Ævintýri Æskunnar*. Rúna Gísladóttir íslenskaði. Teikningar V. Kubasta (Reykjavík: Barnablaðið Æskan).
- Rubin, Ellen G. K. 2005. “The Life and Art of Vojtěch Kubašta (1914–1992)”, in *Pop-ups, Illustrated Books, and Graphic Designs of Czech Artist and Paper Engineer, Vojtěch Kubašta (1914–1992)*, ed. James A. Findlay and Ellen G. K. Rubin (Fort Lauderdale, Florida: Bienes Center for the Literary Arts), bls. 23-41.
- Universitätsbibliothek Heidelberg. Cod. Pal. germ. 848: Große Heidelberger Liederhandschrift (Codex Manesse) <http://digi.ub.uni-heidelberg.de/diglit/cpg848>. Sótt 15. ágúst 2016.